

## L Ö G

40

6. maí

um breyting á lögum nr. 44 27. júní 1941, um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. gr. laganna hljóði þannig:

Kveða skal á um tilhögun kennslu og prófa í reglugerð og miðað við það, að náminu verði lokið á 4—5 árum. Sérstaklega skal kveða á um tilhögun tannlæknánáms lækna og læknastúdenta, sem lokið hafa prófi í fleiri eða færri greinum almennrar læknisfræði, enda skulu þeir undanþegnir prófi tannlæknastúdenta í þeim greinum, eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 6. maí 1947.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

## L Ö G

41

9. maí

um breyting á lögum nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmiði.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

5. gr. laganna orðist þannig:

Síldarútvegsnefnd, sbr. lög nr. 74/1934, skal annast allar framkvæmdir samkvæmt lögum þessum og hafa á hendi stjórn tunnuverksmiðjanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er jafnframt niður fallið umboð núverandi stjórnar tunnuverksmiðja ríkisins.

*Gjört í Reykjavík, 9. maí 1947.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

*Jóhann Þ. Jósefsson.*

18